

Reglugerð þessi um viðauka við reglugerð um notkun og með- 45  
ferð rafmagns á Eskifirði frá 8. apríl 1925, sem hreppsnefnd Eski-20. apríl  
fjarðarhrepps hefir samið og samþykkt staðfestist hérmeð, samkvæmt  
lögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. maí þ. á. og birtist  
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Páll Pálmason.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Elliheimilið 46  
„Höfn“ á Seyðisfirði, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms-27. apríl  
og kirkjumálaráðherra 27. apríl 1929. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Elliheimilið „Höfn“ á Seyðisfirði.**

1. gr.

Elliheimilið skal heita „Höfn“. Það er stofnað af kvennfjelaginu  
„Kvik“ á Seyðisfirði.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er sá, að veita gamalmennum vist og  
góða umönnun á Elliheimilinu, með svo vægum kjörum, sem unnt er,  
eða ókeypiss, þegar þess er kostur. Í þessu skyni veitir stofnunin við-  
töku gjöfum og styrktarfé.

3. gr.

Eignir stofnunarinnar eru húseign í Seyðisfjarðarkaupstað ásamt  
erfðafestulandi og útihúsum, en á þeim hvílir kr. 6500.00 lán, sem fé-  
lagið tók til þess að kaupa eignina.

4. gr.

Eigi má selja eða láta af hendi eignir stofnunarinnar, fastar  
eða lausar, nema andvirðinu sé varið til að halda elliheimili áfram hér í

46 kaupstaðnum. Eigi má heldur setja eignir hennar til tryggingar skuld-  
27. apríl bindingum, sem eru óviðkomandi tilgangi stofnunarinnar.

**5. gr.**

Stjórn kvenfélagsins „Kvik“ hefir á hendi stjórn Elliheimilisins, í samráði við félagið. Hún ræður starfsfólk, veitir heimilisvistir, annast allar framkvæmdir, og fer með fjármál heimilisins fyrir félagsins hönd. Stjórnin semur árlega reikning yfir starfrækslu og efnahag heimilisins. Félagið kys endurskoðendur, og skal reikningurinn borinn undir samþykkt félagsfundar. Eftirrit af reikningunum skal birta í opinberu blaði.

**6. gr.**

Peninga þá, sem stofnunin á eða eignast, skal ávaxta í tryggum sjóði.

**7. gr.**

Stjórnin setur heimilisreglur fyrir Elliheimilið.

**8. gr.**

Komi að því, að kvenfélagið „Kvik“ verði lagt niður, eða sjái sér ekki fært að starfrækja Elliheimilið áfram, skal það gefa bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar kost á að taka það að sér og starfrækslu þess. Verði því boði hafnað, ráðstafar félagið stofnuninni og eignum hennar, á þann hátt, er hún telur helzt í samræmi við tilgang Elliheimilisins.

Seyðisfirði, 9. desember 1928.

Í stjórn kvenfélagsins „Kvik“.

*Guðrún Gísladóttir,*

*Margrét Friðriksdóttir,*  
*p.t. ritari.*

*Imma Nielsen,*  
*gjaldkeri.*

*Anna Sigmundsdóttir.*

*Betzy Gudmundson.*